

Pétur I Haraldsson,  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. október 2012  
Tilvísun: UST20120900091/ksj

## Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Lýsing aðalskipulagsbreytingar. Vorsabær I.

Við er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps er barst 20 september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að breytingu aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 – 2016 á spildu úr landi Vorsabæjar I.

### Breytingartillagan

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps felur í sér að allt að 5 ha svæði verður tekið undir iðnaðarsvæði til orkuöflunar. Einnig er gert ráð fyrir uppbyggingu 6 ha íbúðarsvæði í tengslum við rekstur rafafstöðva og framleiðslu afurða.

### Lýsing verkefnis

Á iðnaðarsvæði til orkuöflunar er áætlað að reisa 2 vindrafstöðvar með allt að 800kw uppsett afl hvor, samtals allt að 1,8 MW. Fram kemur í greinargerð að hæð rafstöðva getur verið allt að 52 m í miðju hverfils en þvermál hverfils getur verið allt að 44 m.

### Framkvæmdir háðar umhverfismati

Eins og fram kemur í greinargerð með ofangreindri lýsingu á tillögu að aðalskipulagsbreytingu eru stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu með 2MW uppsett rafafli eða meira, framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir þær sem lýsing á tillögu að aðalskipulagsbreytingu fjallar um fellur þar með ekki undir þær framkvæmdir. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að sjónræn áhrif og önnur umhverfisáhrif eru þau sömu af vindafli stöð hvort sem framleiðslan nær 2 MW eða ekki. Hæð ofangreindrar vindrafstöðvar getur verið allt að 52 metrar í miðju hverfils og hverfill allt að 44 metrar í þvermál sem getur þýtt alls 74 metra hæð á vindrafstöð. Til samanburðar þá eru háspennumöstur á Íslandi 20 – 30 metrar á hæð.

## Landslag

Jörðin Vorsabær er staðsett á svæði þar sem Vörðufell tekur við af fremur sléttu landi. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að vanda mjög staðarval fyrir vindrafstöð með brúttóhæð rúmlega 70 metra á svæði í svo breytilegu landslagi. Umhverfisstofnun veur einnig athygli á því að raflínur fara um svæði Vorsabæjar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skoða hvernig sameiginleg sjónræn umhverfisáhrif frá raflinum og vindrafstöð komi til með að verða. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að milli Þjórsár og Hvítár eru á þessu svæði fjöldamargar frístundabyggðir. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að athuga hvort og þá hvernig vindrafstöðvar á svæði Vorsabæjar myndu hafa neikvæð sjónræn áhrif á umhverfið og áhrif á útsýni frá frístundabyggðum til fjalla.

## Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skoða vandlega staðsetningu vindrafstöðvar á svæði þar sem eru nú þegar tvær raflínur og Vörðufell ber við himin. Einnig ætti að koma fram hvernig tillaga um staðsetningu var unnin og hvernig vindstraumar á svæðinu eru.

Umhverfisstofnun bendir á að full ástæða er fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp að móta sér stefnu um það hvar í sveitarfélaginu helst væri hægt að koma vindrafstöðum fyrir án þess að afleiðingin verði neikvæð sjónræn umhverfisáhrif. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt í þeirri stefnumörkun að skoðað verði, hver áhrif vindraforkustöðvar yrði á ferðir fugla og hvort hættu sé á miklu áflugi þeirra á hverfla stöðvarinnar. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að Eyrþöpski landslagssáttmálinn verði notaður sem viðmið.

Ef farið er af stað með vindrafstöð á einni þýðing í sveitarfélaginu er þess að umhverfisáhrif séu rannsökuð og metin, geta aðrar þýðingar soti um það sama á jafnræðisgrundvelli og mögulega yrði þá óreglulegur skógur vindmylla sem eru helmingi hærri en háspennumastur reistur innan sveitarfélagsins. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að fara í umræðu um framtíðarsýn er varðar vindraforku, það gæti verið of seint þegar einhver fjöldi hefur þegar verið reistur.

Virðingarfyllst

*A. B. Magnúsdóttir*  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun